



Áfram örugg netnotkun Nýr samningur ESB við SAFT

SAFT undirritaði nýlega samning til næstu tveggja ára um áframhaldandi stuðning ESB við vakningarátaksverkefni um örugga og jákvæða notkun netsins og tengdra miðla. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli - landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd. SAFT hefur rekið vakningarátakið um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Í september 2008 lauk þriðja hluta verkefnisins.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun netsins og nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, fyrirtæki upplýsingatækniiðnað, fjölmiðla og stjórnmöld. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt.

Formlegir samstarfsaðilar verkefnisins á Íslandi eru Lýðheilsustöð, sem mun m.a. vinna að ýmsum fræðslumálum og ráðgjöf, og Capcent Gallup, sem mun framkvæma viðamikla könnun á net- og nýmiðlanotkun Íslendinga á vektímabilinu. SAFT er einnig í góðu samstarfi við Póst og fjarskiptastofnun, ráðuneyti mennta og samgöngumála og ýmis fyrirtæki og hagsmunasamtök um land allt.



Ólafur Magnússon frá Capcent Gallup, Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla, Jenny Ingudóttir frá Lýðheilsustöð og Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla



Spurningakeppni meðal grunnskólanema í tilefni af alþjóðlega netöryggisdeginum

SAFT, vakningarátak Heimilis og skóla um örugga og jákvæða notkun nets og annarra miðla, stendur í samstarfi við INSAFE, evrópska samstarfsnetið um örugga netnotkun, fyrir spurningakeppni meðal 10-15 ára nemenda í tilefni af alþjóðlega netöryggisdeginum sem haldinn verður hátíðlegur í 50 löndum þann 10. febrúar 2009.

INSAFE spurningakeppnin fer fram á 22 tungumálum og er ætluð þátttakendum á aldrinum 10-15 ára. Spurningakeppnin er byggð á fjölvalsspurningum um ýmis málafni, svo sem fjölmiðla, örugga netnotkun, landafræði, sögu og menningu. Þátttaka er öllum frjálst en hægt er að nálgast spurningakönnunina á vefslóðanum: <http://insafequiz.eun.org>

Tilgangur spurningakeppninnar er að ná til ungra netnotenda og vekja athygli á alþjóðlega netöryggisdeginum. Vinningshafar verða valdir út frá heildarstigafjölda og tilkynnt verður um þá 16. Janúar 2009. Vinningshöfum verður boðið að taka þátt í hátíðahöldum á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Luxemborg 10. febrúar 2009 - Sjá nánar á saft.is

Nýjar reglugerðir frá menntamálaráðuneytinu Skólaráð - Innritun í framhaldsskóla

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í henni er fjallað um hlutverk og skipan skólaráða, verkefni, kosningu og starfsáætlun. Þátttaka nemenda í skólaráði og skólaráð í samreknum skólum

Hægt er að skoða reglugerðina um skólaráðin hér.

Ráðuneytiðhefur einnig gefið út reglugerð sem tekur til innritunar nemenda í framhaldsskóla, fyrirkomulag og málsmeðferð. Hægt er að sjá reglugerðina hér.

Uppfærður Foreldrabanki

Búið er að uppfæra Foreldrabankann til samræmis við nýju grunnskólalögin en einnig er í honum nýtt efni.

Markmið með Foreldrabankanum er að hafa aðgengilegt á einum stað upplýsingar fyrir bekkjarfulltrúa um ýmislegt sem varðar foreldrasamstarfið og skipulag þess. Einnig er hægt að nota möppuna sem hugmyndabanka og skýrslu um hvað hefur verið gert með bekknum og hvað hægt er að gera. Gaman væri einnig að safna í hana myndum úr bekkjarstarfinu.

Foreldrabankinn getur því einnig verið minningarmappa bekkjarins, þar sem á hverju ári eru settar inn upplýsingar um bekkinn og hvað var gert yfir skólaárið.

Nýkjörnir bekkjarfulltrúar sem fá möppuna í hendur geta þá kynnt sér innihald hennar og séð um að safna upplýsingum inn í möppuna hvað varðar vetrarstarfið og afhenda hana svo eftirmönnum sínum.

Hægt er að panta Foreldrabankann á skrifstofu Heimilis og skóla en hann kostar 1.500 fyrir félagsmenn.

